

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Krosshamrar 5.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 8. maí 2020, breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis vegna Krosshamra 5A, lóð nr. 5 við Krosshamra. Breytingin felst í því að byggingarreitur er stækkaður til vesturs um 4,0 x 3,7 m eða um 14,8 m<sup>2</sup>. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hverfisgata 86A.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 1. júlí 2020, tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.0, Landsbankareits, með síðari breytingum vegna lóðarinnar nr. 86A við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum í húsinu úr 1 íbúð í 2 íbúðir. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Vogabyggð svæði 5.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 10. júní 2020, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar, svæðis 5. Í breytingunni felst að heimilt er að koma fyrir um 105 m<sup>2</sup> landfyllingu vestan skólpdælustöðvar til að tryggja öryggi byggingarinnar og hækka land á lóð skólpdælustöðvar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Færsla Hringbrautar, Skógarhlíð.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 14. maí 2020, tillögu að breytingu á deiliskipulagi færslu Hringbrautar vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi: Skógarhlíð. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 3 smáhýsum á nýrri lóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Snorrabraut 60.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 15. maí 2020, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar við Snorrabraut 58-60. Í breytingunni felst að kvöð um undirgöng er felld niður. Í stað hennar kemur kvöð um inndregna jarðhæð á horni til norðvesturs þar sem gönguleið verður að núverandi húsi og inngangi við byggingu. Byggingarreit 4. hæðar við þaksvalir er breytt lítillaga og byggingarmagn ofanjarðar (A-rými) er minnkað um 50 m<sup>2</sup> en byggingarmagn neðanjarðar er aukið um 250 m<sup>2</sup>. B-rými sem verður 300 m<sup>2</sup> er bætt við. Meginfletir útveggja skulu vera sléttir eða steinaðir. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 15. júlí 2020,*

**Björn Axelsson.**